

Umhverfissáttmáli Grunnskóla Seltjarnarness



Umhverfið er móðir þín stendur á umhverfismerki okkar í Grunnskóla Seltjarnarness. Það eru orð að sönnu því jörðin gefur okkur allar þær nauðsynjar sem við þurfum. Auðlindir jarðar eru ekki óþrjótandi og við þurfum að standa vörð um þær. Við í Grunnskóla Seltjarnarness viljum leggja okkar af mörkum við að vernda auðlindir jarðar og ætlum að:

- flokka rusl til endurvinnslu
- fara vel með og nýta vel það sem við höfum
- njóta útiveru og upplifa fjölbreytileika náttúrunnar
- hvíla bíla með því að ganga eða hjóla í skóla
- læra hvernig umhverfið hefur áhrif á líf okkar og hvernig við höfum áhrif á umhverfið
- fara sparlega með vatn og rafmagn